

## **Brosið**

Í dag mistókst mér

að brosa

þitt geislaði svo

að mitt umturnaðist

skammaðist sín

og hafði ekki einu sinni fyrir því

að láta sjá sig